

**Ed.**

**148. Frumvarp**

til laga um æðsta dóm.

Flutningsm.: Jón Jónsson.

**I. KAFLI.**

**Um svið og skipun æðsta dóms.**

1. gr.

Æðsti dómstóll ríkisins skal skipaður 5 dómendum, fimmtardómur. Til hans má skjóta málum þeim, er dæmd hafa verið eða úrskurðuð í héraði, samkvæmt því, er segir í lögum þessum.

2. gr.

Konungur skipar dómendur æðsta dóms samkvæmt tillögu forsætisráðherra, er samþykkt hefir verið á ráðherrafundi, en dómendur kjósa sér forseta úr sínum hópi til eins árs í senn.

Lausn dómara frá embætti eftir heimild 57. gr. stjórnarskrárinnar veitir konungur einnig samkv. tillögu forsætisráðherra, samþykktri á ráðherrafundi.

### 3. gr.

Eigi má dóm setja með færri dómendum en 5. Ef autt verður sæti forseta, skal sá dómandi, sem lengst hefir átt sæti í æðsta dómi, stýra dómi.

### 4. gr.

Hver dómari í æðsta dómi skal, auk almennra dómarskilyrða, fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

1. Hafa lokið lagaprófi með 1. einkunn.
2. Hafa verið 3 ár hið skemmsta skipaður kennari í lögum við háskólann, málaflutningsmaður eða ritari við æðsta innlenda dómstólinn, héraðsdómari, skrifstofustjóri í stjórnarráðinu, 5 ár fulltrúi lögmanns, lögreglustjóra eða bæjarfógeta í Reykjavík, eða sýnt verulega yfirburði í lögfræðilegri fræðimennsku.

Rétt er að skipa þann dómara í æðsta dóm, sem hefir gegnt samanlagt í nefndan árafjölda fleiri en einni af áður nefndum stöðum. Þiggja má undan þessum skilyrðum, ef æðsti dómur mælir með því.

3. Sé eigi yngri en þritugur og eigi eldri en sextugur, er hann fær veitingu fyrir dómaraembætti.
4. Hafa sýnt það með því að greiða fyrstur dómsatkvæði í 4 málum, og sé að minnsta kosti eitt þeirra einkamál, að hann sé hæfur til þess að skipa sæti í dómnum.
5. Skyldir menn eða mægðir að feðgatali eða niðja eða hjón, kjörforeldri og kjörbarn, fósturforeldri og fósturbarn, eða skyldir að öðrum eða mægðir að fyrsta eða öðrum til hliðar mega ekki samtímis eiga dómarsæti í æðsta dómi.

### 5. gr.

Eigi má dómari taka þátt í meðferð máls:

1. Ef hann er sjálfur aðili eða úrslit þess skipta hann máli.
2. Ef hann er skyldur eða mægður aðila í einkamáli eða ákærðum í opinberu máli að feðgatali eða niðja eða að öðrum til hliðar eða nánari, eða ef hann er maki aðila eða ákærðs, fjárhaldsmaður, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
3. Ef hann er skyldur eða mægður málaflutningsmanni að feðgatali eða niðja, eða maki hans, kjörforeldri eða kjörbarn, fósturforeldri eða fósturbarn.
4. Ef hann hefir leiðbeint aðila í málinu eða flutt það eða verið vitni í því eða matsmaður.
5. Ef hann hefir fellt dóm eða úrskurð í málinu í héraði.
6. Ef svo er að öðru leyti ástatt, að telja megri hætt við, að hann liti eigi óhlutdrægt á málavexti.

### 6. gr.

Bæði aðilar, dómari sjálfur og aðrir dómendur í æðsta dómi geta krafizt þess eða átt frumkvæði að því, að dómari viki sæti í einstöku máli, af ástæðum þeim, er í 5. gr. segir. Dómurinn allur í heild sinni úrskurðar um þau atriði.

#### 7. gr.

Dómurinn ræður sér ritara. Hann skal hafa lokið lagaprófi og fullnægja að öðru leyti almennum skilyrðum til þess að vera dómari á Íslandi. Ritari nýtur þeirrar þóknunar, sem ákveðin er í fjárlögum.

#### 8. gr.

Ritari hefir þessi störf á hendi:

1. Gefur út stefnur til dómsins.
2. Heldur bækur dómsins.
3. Annast upplestur skjala í dóminum og tilkynningar frá honum, þinglýsingar o. s. frv.
4. Lætur í té eftirrit úr bókum dómsins og skjölum.
5. Varðveitir skjöl dómsins og bækur.
6. Tekur við dómsgjöldum og stendur skil á þeim, og heldur aðra reikninga dómsins.
7. Innir þau störf önnur af hendi, er lög mæla fyrir, í þarfir dómsins.

#### 9. gr.

Dómurinn heldur þessar bækur:

1. Þingbók, og skal skrá í hana ágríp af ölln því, er í hverju þinghaldi gerist.
2. Dómabók, og skal rita í hana dóma alla og úrskurði.
3. Atkvæðabók, og skal í hana skrá dómsatkvæði og úrskurða.
4. Málaskrá, og skal rita í hana skýrslu um öll mál, sem til dómsins er skotið, hvenær stefna hefir verið gefin út í hverju máli, í hvaða mánuði það skuli þingfesta, og hvaða dag það hefir verið þingfest og hvenær flutt, hvort ný gögn hafi verið lögð fram, hvenær það hafi verið dæmt o. s. frv.
5. Dagbók.
6. Bréfabók.
7. Aukatekjubók.
8. Þinglýsingabók og yfirlýsinga.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um bókhald, að fengnum tillögum dómsins.

#### 10. gr.

Laun dómenda skulu ákveðin í launalögum. Þangað til núgildandi launalög verða endurskoðuð skulu þeir hafa sömu laun og þau, sem nú eru ákveðin hæstaréttardómurum í launalögum. Forseti hefir að auki 1000 krónur á ári.

#### 11. gr.

Dómþing æðsta dóms skulu haldin í Reykjavík. Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, má þó dómþing heyja utan Reykjavíkur, ef dómendur kveða svo á og dómsmálaráðherra samþykkir.

Dómsmálaráðherra ákveður að öðru leyti, að fengnum tillögum dómsins, hvar og hvaða daga og á hvaða tíma dags halda skuli dómþing, svo og hvenær þingleyfi skuli vera.

12. gr.

Synodalréttinn skipa 5 dómendur, forseti æðsta dóms sem formaður, ásamt tveimur dómendum, hinum elztu að embættisaldri í dómnum, og tveimur guðfræðingum, sem forseti kveður til. Dómur þessi skal vera æðsti dómstóll í málum þeim, sem að lögum liggja undir prófastsdóm í héraði, og í málum gegn biskupum út af samsvarandi brotum, og þeim afbrotum annara kennimanna þjóðkirkjunnar, er prófastsdómur tekur yfir.

Ritari æðsta dóms virtur venjuleg ritarastörf fyrir synodalréttinn.

## II. KAFLI.

### Um varadómara.

13. gr.

Nú verður autt sæti í æðsta dómi, dómari forfallast um stundarsakir eða vikur dómarsæti, og tekur þá varadómari sæti hans.

14. gr.

Dómsmálaráðherra skipar varadómara, 5 að tölu, til 5 ára í senn, að fengnum tillögum æðsta dóms. Auk almennra dómarskilyrða verður varadómari að uppfylla skilyrðin í 1. og 2. tölulið 4. gr., er hann hlýtur skipun sem varadómari.

15. gr.

Er autt verður sæti í æðsta dómi, kveður forseti eða sá, er stýrir dómi í hans stað, varadómara eftir útnefningarröð í hið auða sæti, og má ekki bregða út af röðinni, nema forföll eða tálmanir hanni þeim að sitja dóminn, sem næstur er í röðinni, eða æskilegt þyki að njóta sérþekkingar einhvers annars varadómara við dóm málsins. Ef enginn hinna reglulegu dómenda skipar sæti sitt, ganga allir varadómendurnir í dóminn.

16. gr.

Nú losnar sæti í æðsta dómi, og tekur þá varadómari byrjunarlaun dómara þar til skipað er í embættið, enda taki hann ekki laun úr ríkissjóði fyrir annað embætti. Þá er dómari forfallast eða vikur sæti, fær varadómari þóknun fyrir hvert mál, er hann lýkur dómsorði á eða úrskurðar, er dómurinn ákveður að hverju sinni. Þá er varadómari gegnir störfum dómara án þess að hann sé forfallaður eða hafi orðið að vikja úr dómi, greiðir dómari honum þóknunina.

17. gr.

Ef ekki er unnt að kveðja varadómara í dómnum, setur dómsmálaráðherra aukadómara í hið auða sæti.

### III. KAFLI.

#### Um málaflutningsmenn við æðsta dóm.

##### 18. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt hverjum þeim, sem er 25 ára gamall, hefir óflekkað mannorð, ríkisborgararétt og er fjár sins ráðandi, leyfi til málaflutnings fyrir æðsta dómi, ef hann hefir:

1. Lokið lagaprófi með 1. einkunn.
2. Gegnt málaflutningsstörfum að aflöknu prófi í 3 ár, annaðhvort á eigin hönd eða í skrifstofu hæstaréttarmálaflutningsmanns eða málaflutningsmanns við æðsta dóm sem fulltrúi hans, eða um jafnlangan tíma gegnt embætti eða stöðu, sem lagapróf þarf til.
3. Sýnt það með flutningi 4 mála, og sé eitt þeirra að minnsta kosti opinbert mál, að hann sé að áliti æðsta dóms hæfur til þess að vera málaflutningsmaður við dóminn. Enginn má oftari en þrisvar þreyta þá raun, og skal hann, áður en hann gerir það, leggja fyrir dóminn yfirlýsingu dómsmálaráðherra um það, að hann fullnægi öðrum lögmæltum skilyrðum til að vera málaflutningsmaður við æðsta dóm.

Þeir, er verið hafa málaflutningsmenn við hæstarétt, áður en lög þessi gengu í gildi, eiga rétt á að flytja mál fyrir æðsta dómi.

##### 19. gr.

Áður en manni sé veitt leyfi til málaflutnings, skal hann heita því skriflega, og leggja þar við drengskap sinn, að flytja með trúmennsku og samvitzkusemi mál þau, er hann tekur að sér. — Fyrir leyfi til málaflutnings skal greiða 500 krónur í ríkissjóð.

##### 20. gr.

Hafa skulu málaflutningsmenn skrifstofu í Reykjavík og vera þar búsettir eða í grennd.

Skýlt er þeim að inna af hendi þau störf fyrir dómi, er aðilar hafa falið þeim. Þó er þeim rétt, ef nauðsyn krefur, að fela þau öðrum málaflutningsmanni við æðsta dóm. Þegar mál eru skriflega flutt, eða þegar málaflutningsmaður getur ekki sjálfur sótt þing, sakir skyndilegra nauðsynja, er honum og rétt að senda fulltrúa sinn í sinn stað til að taka frest eða leggja fram skjöl.

##### 21. gr.

Skýlt er málaflutningsmönnum að flytja opinber mál, er forseti dómsins skipar þá til að sækja eða verja. Önnur mál er þeim ekki skýlt að annast fyrir æðsta dómi.

Nú óskar sökunautur í opinberu máli, eða gjafsóknarhafi eða gjafvarnar, sér skipaðan ákveðinn málaflutningsmann, og skal honum þá sá maður skipaður, nema ef sérstakar ástæður mæla því í gegn. Sama gildir, ef dómsmálaráðherra æskir ákveðins sækjanda í opinberu máli.

#### 22. gr.

Rétt er aðila, þar á meðal fjárhaldsmanni ólögráðs manns og stjórnanda félags eða stofnunar, að flytja sjálfur mál sitt fyrir æðsta dómi. Einnig er aðila rétt að fela flutning máls síns maka sínum, frændum að feðgatali eða niðja, systkinum sínum, tengdforeldrum eða tengdabörnum. Eigi má maður flytja mál í annars nafni eða fyrir annars hönd, eða annars mál í sínu nafni, nema málaflutningsmaður sé, eða samband við aðila sé slíkt, sem nú er mælt.

#### 23. gr.

Rétt er málaflutningsmanni að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín, og hærra endurgjald ef mál vinnst en ef það tapast.

#### 24. gr.

Ef málaflutningsmaður missir einhvers þeirra skilyrða, sem sett eru í 18. gr., þá hefir hann fyrirgert leyfi sínu á meðan svo er ástatt. Sama er og, ef hann hefir ekki skrifstofu í Reykjavík, flyzt húferlum eða hefir tekið að sér starf, sem ósamrýmanlegt er málaflutningi við æðsta dóm. Þegar þannig er, skal málaflutningsmaður afhenda leyfi sitt til málaflutnings dómsmálaráðuneytinu, og skal leyfið þar geymt þar til aðili kann að nýju að uppfylla skilyrði til málaflutnings. Þá skal honum afhent leyfisbréf sitt aftur endurgjaldslaust.

Dómsmálaráðherra getur, ef dómurinn leggur það til, svipt málaflutningsmann leyfi, ef æðsti dómur hefir þrisvar sinnum sektað hann fyrir óhæfilegan drátt á opinberu máli, visvitandi ósannindi í sókn eða vörn eða önnur stórkostleg skyldubrot.

### IV. KAFLI.

#### Um stefnur og stefnufresti.

#### 25. gr.

Í einkamálum fer um stefnur til æðsta dóms svo sem hér segir:

1. Stefnur skal gefa út í nafni dómsins, enda skal innsigli hans vera undir þeim og nafn ritara æðsta dóms.

Í stefnu skal taka fram, í hvaða mánuði árs málið skuli þingfest. Síðan ákveður forseti í samráði við ritara, hvaða dag það skuli gert, og auglýsir ritari það að minnsta kosti 14 dögum fyrir þingfestingardag, á þann hátt, er dómsmálaráðherra ákveður. Verði mál ekki flutt á þingfestingardegi, er réttinum heimilt að fresta því, þó ekki lengur en 4 mánuði.

2. Stefnufrest skal miða við fyrsta dag þess mánaðar, er þingfesta á málið í samkvæmt 1. lið greinar þessarar. Fresturinn skal vera tvisvar sinnum lengri en ákveðið er í lögum um stefnufrest í almennum einkamálum í héraði.

Ritari ákveður frestinn, þegar svo er ástatt, að dómari skyldi gera það samkvæmt áðurnefndum lögum um stefnufrest, en eigi má hann lengri vera en hann er lengstur settur í þeim lögum.

26. gr.

Í opinberum málum, þar á meðal synodalrétarmálum, fer um útgáfu stefnu, stefnufresti og stefnubirtingu eftir þeim reglum, sem gilt hafa hingað til um áfrýjun slíkra mála til hæstaréttar. Dómsgerðir þeirra mála skulu sendar forseta, en hann skipar sækjanda málsins og verjanda. Þingfesting skal ákveðin og auglýst svo fljótt sem unnt er, og skal þeim, sem það varðar, skýrt sérstaklega frá henni. Skal sækjanda og verjanda hafa verið veittur kostur á því að hafa dómsgerðir til yfirlestrar, að minnsta kosti viku tíma hvorum, fyrir þingfestingu.

V. KAFLI.

Um hvaða mál megi bera undir æðsta dóm.

27. gr.

Skjóta má öllum opinberum málum til æðsta dóms, enda fer um skyldu framkvæmdarvaldsins til að áfrýja málinu eftir þeim reglum, sem giltu um áfrýjun til hæstaréttar.

28. gr.

Einkamálum öllum má áfrýja til æðsta dóms, ef sakarefnið verður eigi metið til peninga, svo sem mál um þjóðfélagsrétt manns eða þjóðfélagsskyldu, atvinnuréttindi, hjúskap, ættfærslu, foreldravald yfir hörnum o. s. frv.

Dómi eða úrskurði um fjárkröfu, sem mál er risið af, verður skotið til æðsta dóms, ef krafan nemur 25 krónum. Leggja má saman tvær kröfur eða fleiri, ef þær eru af sömu rót runnar. Sérákvæði í lögum, þar sem eigi er áskilin áfrýjunarupphæð í málum um fjárkröfur, skulu haldast.

Nú orkar það tvímælis, hvort dómkrafa eða dómkröfur nemi 25 krónum, og skal þá dæma málið að efni til allt að einu.

Hvarvetna þess, er heimilt er að áfrýja aðalmáli, er og rétt að áfrýja auka-málum þess, svo sem úrskurðum, vitnamálum, eiðsmálum eða matsmálum, svo og aðfarargerðum og upphöðsgerðum, bæði í sambandi við aðalmálið og án þess. Þegar slík mál eru sjálfstæð mál, fer um heimild til að áfrýja þeim samkvæmt 1.—3. málsgrein, eftir því sem við á.

29. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til að áfrýja máli til æðsta dóms, þótt dómkrafa eða dómkröfur nemi minna en 28. gr. segir, eftir þeim reglum, sem hingað til hefir verið fylgt um áfrýjunarleyfi til hæstaréttar.

30. gr.

Taka skal út áfrýjunarstefnu til æðsta dóms, í hvaða skyni sem áfrýjað er, áður en 6 almanaksmánuðir séu liðnir frá dómsuppsögn eða úrskurðar, ef honum verður áfrýjað sjálfstætt, eða frá því að dómsathöfn var lokið. Haldast skulu sérákvæði þau, er í lögum segir um áfrýjunarfrest í einstökum málum, enda sé frestur jafnan talinn frá þeim tíma, er í upphafi greinar þessarar segir.

31. gr.

Nú hefir maður tekið út áfrýjunarstefnu samkvæmt 30. gr., en máli hans hefir verið vísað frá dómi, og er honum þá rétt að skjóta því þangað aftur, þótt áfrýjunarfrestur samkvæmt 30. gr. sé liðinn, enda taki hann út áfrýjunarstefnu af nýju innan 3 mánaða frá uppsögn frávisunardóms.

32. gr.

Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til áfrýjunar, þótt frestur sé liðinn, þar til 12 almanaxsmánuðir eru liðnir frá þeim tíma, er í 30. gr. segir. Ennfremur getur hann veitt leyfi til áfrýjunar næstu 3 ár frá áðurnefndum tíma, ef alveg sérstaklega stendur á, svo sem ef aðila, án þess að honum verði um kennt, hefir eigi tekizt að koma fram fyrirhugaðri áfrýjun.

Áfrýjunarstefnu skal taka út á 4 vikum eftir dagsetningu leyfisbréfs. Annars kostar er áfrýjunarheimild samkvæmt því leyfisbréfi fyrirgert.

Ákvæði 31. gr. skal hér gilda, eftir því sem við á.

33. gr.

Ákvæði þessara laga um áfrýjunarfrest taka eigi til opinberra mála.

34. gr.

Dómsmálaráðherra getur, að fengnum tillögum æðsta dóms, leyft að mál, sem þar hefir verið dæmt, eða í hæstarétti áður en lög þessi öðluðust gildi, verði að nýju tekið til meðferðar, ef það hefir sannast, eða mikil líkindi eru til þess, að það hafi verið svo rangt flutt, að niðurstaðan myndi hafa orðið önnur í verulegum atriðum, ef svo hefði eigi verið, enda megi beiðandi eigi sjálfum sér um kenna.

35. gr.

Dómsathöfnum, er dómnefnd hefir framkvæmt, má skjóta til æðsta dóms, samkvæmt ákvæðum þessa kafla.

36. gr.

Mál, er höfða má eftir þeim lögum, sem áður hafa gilt fyrir hæstarétti sem lægsta dómi, má með sama hætti höfða fyrir æðsta dómi.

37. gr.

Eigi þarf að stefna dómara, þegar máli er áfrýjað, nema kröfur eigi að gera á hendur honum um refsingu, skaðabætur eða aðfinningar.

## VI. KAFLI.

### Um meðferð máls fyrir æðsta dómi.

38. gr.

Skjóta má dómsathöfn til æðsta dóms í því skyni að hún verði staðfest eða henni breytt. Krefjast má breytingar á þá leið, að máli verði vísað frá undir-



dómi, að því verði vísað heim til löglegri meðferðar, eða að dómsathöfn verði ómerkt, þar sem ómerking á annars við, eða að dómi verði aðeins breytt að efni til.

#### 39. gr.

Aðilar einkamála hafa forræði á málum sínum og ráðstöfunarrétt sakarfnis samkvæmt því, er tíðkamt hefir, og eftir því, sem samrýmist lögum þessum.

#### 40. gr.

Gögn, varnir, málsatvik og kröfur í einkamálum má eigi bera fram í æðsta dómi, ef þau hafa eigi áður komið fram í málinu, frammar en tíðkamt hefir áður. Dómsmálaráðherra getur veitt leyfi til þess að bera fram ný gögn o. s. frv. með sama hætti og áður gilti um hæstarétt.

Ef maður vill bera fram ný gögn, nýjar varnir, ný málsatvik eða nýjar kröfur, þá skal hann áskilja sér rétt til þess í áfrýjunarstefnu. Ennfremur skal hann leggja fram ný gögn eða afrit af þeim, og skýrslur um þær nýjar varnir, kröfur eða málsatvik, er hann ætlar að bera fram, í skrifstofu æðsta dóms, að minnsta kosti 14 dögum áður mál verða þingfest, til afnota handa hinum aðilanum, nema málflytjendur verði á annað sáttir.

#### 41. gr.

Málsaðilar eða umboðsmenn þeirra gera ágríp úr dómsgerðum þess máls, er áfrýjað hefir verið, um það, er þeir telja máli skipta, og leggja það fram í skrifstofu æðsta dóms, að minnsta kosti 14 dögum áður en mál skal sækja og verja, svo mörg eintök, sem dómnum nægir, ásamt einu eintaki af dómsgerðunum, enda þarf ekki fleiri eintök af þeim, þótt máli sé gagnáfrýjað.

Stytta má frest þann, er getur um í grein þessari, eftir samkomulagi dómenda og beggja málflytjenda, ef ástæður þykja til.

#### 42. gr.

Sókn hvers máls og vörn fyrir æðsta dómi skal munnleg vera, á íslenzku og í heyranda hljóði.

Mál skal þó flytja skriflega:

1. Ef stefndur sækir ekki þing, og
2. Ef dómurinn leyfir það og báðir aðilar eða umboðsmenn þeirra óska þess.

#### 43. gr.

Málsmeðferð hefst á því, að stefna er framlögð og lesin upp. Síðan heldur áfrýjandi frumræðu sína og lætur lesa upp ágríp dómsgerða, ef annarhvor málflytjandi eða dómurinn æskir þess. Þá svarar stefndur, ef hann vill. Eigi skal hvor aðilja tala oftár en tvisvar. Ef aðili flytur ekki mál sitt sjálfur, er honum þó rétt að tala einu sinni.

Þegar mál eru skriflega flutt, er rétt að sókn og vörn sé tvisvar flutt.

#### 44. gr.

Nú er máli gagnáfrýjað, og skal þá steypa saman báðum áfrýjunarmálunum. Um sókn og vörn fer sem í 43. gr. segir.

45. gr.

Fresti skal venjulega enga veita, nema dómari eða málflytjandi forfallist svo skyndilega áður en málsmeðferð byrjar, að eigi hafi verið unnt að gera nauðsynlegar ráðstafanir nægilega snemma, eða meðan á málflytningi stendur, eða hann verði eigi til lykta leiddur á sama degi. En eigi skal þá byrja á öðru máli, sem munnlega er flutt, fyrr en það mál er til lykta leitt.

Ákvæði 1. málsgr. gilda þó eigi, ef dómurinn frestar opinberu máli til þess að nýrra gagna verði aflað. Aðalsök skal og fresta, ef þess er þörf til að gagnsök verði henni sameinuð.

Nú er mál skriflega flutt, og ákvæður dómurinn þá fresti tit sóknar og varnar.

46. gr.

Ef aðili ætlar að krefjast frávisunar máls frá æðsta dómi, þá skal hann skýra ritara frá því og greina ástæður, að minnsta kosti viku áður en mál skal flytja. Skal það atriði sótt, varið og dæmt eða úrskurðað sér.

47. gr.

Forseti stýrir þinghaldi, og er honum rétt að heimta það, að málflytjandi haldi sér við efnið, og hefta það, að ræður verði langar úr hófi fram.

## VII. KAFLI.

### Um dómsuppkvaðningu, atkvæðagreiðslu og dóma.

48. gr.

Dóma og úrskurði skal upp kveða svo fljótt sem unnt er, þegar málflytningi er lokið, ef mál er munnlega flutt, og að jafnaði má þá eigi fyrir taka munnlegan flutning annars máls, fyrr en dómur er genginn.

49. gr.

Áður en dómur er upp kveðinn, skulu dómendur hafa með sér ráðagerð um efni og ástæður dóms og úrskurðar og greiða þar atkvæði.

Engir hafa rétt til að vera við ráðagerðir nema dómara.

Atkvæðagreiðslur um mál, er munnlega hafa verið flutt, skulu vera opinberar og i heyranda hljóði. Sá af dómendum greiðir fyrst atkvæði og gerir grein fyrir því, sem til þess er valinn af réttinum í hvert sinn. Þó greiðir forseti ætíð atkvæði síðast. Hver dómari gerir í stuttu máli grein fyrir niðurstöðu sinni og ástæðum fyrir henni. Vísu má dómari til niðurstöðu og ástæðna dómara, sem greitt hefir atkvæði á undan honum, ef hann er því samþykkur.

Forseti stýrir ráðagerðum, ber fram spurningar og telur saman atkvæði.

Niðurstöðu dóms ræður afl atkvæða.

50. gr.

Dómar og úrskurðir skulu byggðir á því, sem fram hefir komið af hendi málflytjanda og sannað er eða viðurkennt.

Í opinberum málum er æðsti dómur þó eigi bundinn við kröfu málflytjenda, og er rétt að hækka refsingu eða lækka, sýkna eða sakfella, hvernig sem kröfur eru gerðar og hvort sem dómi er áfrýjað að tilhlutun ríkisvalds eða sökunauts.

#### 51. gr.

Nú er mál skriflega flutt, og skal þá sá dómari, er samkvæmt vali dómsins fær málsskjölin afhent, gera frumvarp að dómi eða úrskurði. Um frumvarp þetta ritar sá dómari, er næst fær málsskjölin í sínar hendur, álit sitt og tillögur, og þannig koll af kolli eftir hlutkesti, þó þannig, að forseti láti síðast uppi álit sitt.

Þegar skriflegt mál þannig hefir gengið á milli allra dómenda, skal fund halda um dóm eða úrskurð, og forsendur og niðurstöður ákveða eftir reglum þeim, er í 49. gr. segir.

Sá dómari, sem greitt hefir atkvæði með heimvísun máls eða ómerkingu, en orðið hefir í minni hluta, skal atkvæði greiða um efni dóms, eftir því sem ástæður eru til, og gildir það jafnt, hvort mál er munnlega eða skriflega flutt.

Allar atkvæðagreiðslur um dóma og úrskurði skal skrá í sérstaka bók. sbr. 9. gr. tölulið 3.

#### 52. gr.

Í dómi skal taka fram:

1. Hvern dag dómur sé upp kveðinn.
2. Nöfn aðilja, heimili og stöðu.
3. Stutt yfirlit yfir kröfur aðilja og málsatvik. Þó má vísa til áfrýjaðs dóms eða úrskurðar, að því leyti, sem þeir eru staðfestir óbreyttir að forsendum og niðurstöðu.
4. Ástæður fyrir dómisniðurstöðu, enda sé þar skýrum orðum gerð grein fyrir rökum þeim, er til grundvallar liggja fyrir niðurstöðu, sé eigi dómisniðurstaða og forsendur staðfest að öllu leyti.
5. Dómisniðurstöðu eða úrskurðar.  
Forseti sér um samning dóms.  
Dómur skal undirritast af dómurum þeim, er tekið hafa þátt í uppkvaðningu hans.

#### 53. gr.

Nú gerir einhver dómenda ágreiningsatkvæði, og skal það þá birt í dómasafni æðsta dóms ásamt með dómnum.

#### 54. gr.

Aðfararfrest skal engan setja í dóma æðsta dóms, nema maður sé dæmdur til að vinna verk. Skal þá ákveða hæfilegan frest í dómi.

Dómgerðir skal gefa út í nafni dómsins og með innsigli hans, og nafn forseta undir.

Ritari undirritar dómseftirrit og önnur endurrit, sem fengin eru úr bókum dómsins.

## VIII. KAFLI.

### Um málskostnað fyrir æðsta dómi.

#### 55. gr.

Dæma skal sækjanda og verjanda í opinberum málum hæfilegan málskostnað, miðað við, hversu mál er stórt og umfangsmikið og hversu mikla vinnu þeir hafa lagt fram til sóknar og varnar.

#### 56. gr.

Nú virðist æðsta dómi máli vera áfrýjað að ástæðulausu, og ber þá að dæma áfrýjanda til að greiða málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins.

Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 29 frá 26. okt. 1917, um málskostnað einkamála, fyrir æðsta dómi, að svo miklu leyti sem við á.

## IX. KAFLI.

### Um réttargjöld, sektir o. fl.

#### 57. gr.

Dómsmálagjöld í æðsta dómi skulu vera sem hér segir:

Fyrir útgáfu stefnu .....	5 krónur
Fyrir þingfestingu .....	10 ---
Fyrir dómsuppsögn .....	20 ---
Fyrir úrskurð .....	10 ---
Fyrir frest .....	5 ---
Fyrir dómkvaðningu hvers manns .....	5 ---

Greiða skal sama gjald í gagnsökum, framhaldssökum, meðalgöngumálum og sakaukamálum.

Í málum, sem ekki nema 300 krónum, greiðist hálf gjald.

Gjöldin renna í rikissjóð.

#### 58. gr.

Um sektir, er aðili eða málflytjandi bakar sér fyrir dómi, fer eftir reglum, sem hingað til hafa gilt um hæstarétt. Þó skal sekt aldrei lægri vera en 50 krónur.

Nú virðist æðsta dómi aðili augljóslega hafa sagt visvitandi rangt frá um atvik máls, er máli skipta, og skal þá beita sektum. Fyrir ástæðulausa áfrýjun máls er rétt að dæma áfrýjanda í sektir.

Allar slíkar sektir renna í rikissjóð.

#### 59. gr.

Ef áfrýjandi sækir ekki eða lætur sækja dómþing, skal hann greiða 50 kr. aukagjald í rikissjóð, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.

## X. KAFLI.

### Ákvæði um stundarsakir.

#### 60. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, taka dómarrar hæstaréttar án sérstaks skipunarbréfs sæti í æðsta dómi. Þeir dómendur tveir, sem skipaðir verða í öndverðu í æðsta dóm, skulu undanþegnir ákvæði 4. gr. 4. liðs. Leita skal álits dómenda hæstaréttar um veitingu þessara embætta, og gerir forsætisráðherra síðan tillögu til konungs um veitinguna samkvæmt samþykkt, er gerð hefir verið um hana á ráðherrafundi.

#### 61. gr.

Æðsti dómur tekur við þeim málum, sem áfrýjað hefir verið til hæstaréttar, þegar lög þessi ganga í gildi, en eigi verið dæmd þar, í því ástandi sem þau voru, er æðsti dómur tekur til starfa. Ef málaflutningur var byrjaður fyrir hæstarétti, þá skal hann leiddur til lykta fyrir æðsta dómi, eftir þeim reglum, sem um málaflutning fyrir hæstarétti giltu. Málum þeim, sem stefnt hefir verið til hæstaréttar, án þess að málaflutningur hafi byrjað þegar lög þessi öðlast gildi, skulu dæmd eftir ákvæðum laga þessara.

## XI. KAFLI.

### Niðurlagsákvæði.

#### 62. gr.

Í skipunarbréfi dómara má áskilja, að honum sé skylt án sérstaks endurgjalds að vera landsstjórninni til ráðuneytis um undirbúning laga, er leggja skal fyrir Alþingi, eða um úrlausn mála, er landsstjórnin hefir með höndum. Ennfremur er þremur dómurum, þeim er á hverjum tíma hafa síðast hlotið skipun, skylt án endurgjalds, ef lagadeild háskólans æskir og dómsmálaráðherra mælir með, að flytja fyrirlestra fyrir lögfræðinimum að minnsta kosti eina stund á viku hvert kennslumissiri í einhverri grein lögfræðinnar, er dómarrinn velur í samráði við lagadeildina.

#### 63. gr.

Að því leyti, sem eigi eru fyrirmæli í lögum þessum um einhver atriði, skal fara eftir eldri lögum og dómvenjum, eftir því sem við verður komið.

#### 64. gr.

Nú er hæstarétti eða einstökum hæstaréttardómara falið í lögum að framkvæma einhverja ráðstöfun, svo sem þinglýsingar, kvaðning matsmanna, þátttöku í matsgerð eða gerðardómi o. s. frv., og kemur þá æðsti dómur í staðinn. Þar sem í lögum er nefnd eða ákveðin áfrýjun til hæstaréttar eða yfirdóms, eða þeim er skipað að gæta einhvers o. s. frv., þá kemur æðsti dómur í stað þeirra, er lög þessi koma til framkvæmda.

Dómendur í æðsta dómi, þeir hinir elztu að embættisaldri, eiga sæti í landsdómi.

65. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1934.

Frá sama tíma eru eftirfarandi lagaákvæði úr gildi numin:

Lög nr. 31 frá 2. nóv. 1914, um varadómara í hinum konunglega islenzka landsyfirrétti, lög nr. 22 frá 6. okt. 1919, um hæstarétt, lög nr. 37 frá 4. júní 1924, um breyting á lögum nr. 22 1919, lög nr. 19 frá 14. júní 1929, um breytingar á sömu lögum, svo og önnur ákvæði, er lög þessi brjóta í bága við.

#### Greinargerð.

Flutningur æðsta dómsvaldsins í málum þjóðarinnar inn í landið var mikilvægur þáttur í sjálfstæðisbaráttu þjóðar vorrar alla tíð frá 1850 allt til þess, að fullveldi landsins var viðurkennt og hæstiréttur stofnaður hér á landi. Heimflutningur dómsvaldsins var þjóðernismál og beint skilyrði þess, að þjóðin gæti talizt fullvalda. Hins var vitanlega ekki að dyljast, að það er nokkuð erfitt fyrir jafnfámenna þjóð og vora að skipa svo vel dómum landsins, að þeir veiti jafnmikið réttaröryggi sem dómstólar stærri þjóða. Fátt mun þó brýnna skilyrði þess, að þjóðfélagið fái staðizt, en að æðsti dómur þess sé svo sterkur, að þegnarnir almennt hliti dómum hans með fúsu geði, í því örugga trausti, að hann dæmi ríki um sem óríki lög og rétt.

Það álit hefir komið nokkuð fram, að dómsmálum þjóðarinnar væri ekki nógu vel skipað eins og nú er, jafnvel ekki hvað sizt um úrslitadómstigið. Hefir það álit komið fram bæði frá mætum og velviljuðum lögfræðingum og einstökum mönnum og blöðum. Loks verður það að teljast vafamál, hvort hæstiréttur nýtur nú svo almenns trausts borgaranna sem þörf er á. Einstakir dómar og einstök afskipti dómaranna við réttinn munu að minnsta kosti nokkuð orka tvímælis, jafnvel hjá gætnum og góðum borgurum, en við slíku má nú líklega jafnan búast, og sem betur fer mun rétturinn njóta allmikils trausts; á það bendir hinn stórvaxandi málafjöldi fyrir honum.

Aftur er hitt kunnara en frá þurfi að segja, hve geysilegri gagnrýni hefir á síðari árum verið beitt, einkum af blöðunum, gegn einstökum dómum bæði undirdóms og æðsta dóms. Hefir verið gerður reglulegur aðsúgur að dómstólunum. Eiga blöð allra flokka þar óskilið mál, þó þessi blöðin hafi veitit að þessum dómnum og hin að hinum.

Er ekkert við hóflegri gagnrýni að segja, en þegar hún fer að verða jafnóbilgjörn og átt hefir sér stað, þá er ekki gott að segja, hvilikan slóða hún getur eftir sér dregið, ef hægt er að koma því inn hjá fólki hér á landi og útlendingum, sem hér verða að hlita dómi, að ekkert sé á dómum hvorki undirdóms né æðsta dóms að byggja. Með slíku er blátt áfram verið að grafa undan einum af hornsteinum þeim, er þjóðfélagið hvílir á.

Löggjafarvaldið getur ekki látið slíkt stórmál afskiptalaust, heldur ber því bein skylda til að gera það, sem í þess valdi stendur, til að efla réttaröryggið í landinu og traust manna á dómstólunum. Skiptir þar mestu um æðsta dóminn.

Flutningsmaður hefir því talið sér skylt að gera sitt til að afla æðsta dómi aukins álits og trausts með því að flytja frv. þetta. Þær endurbætur, sem fyrir honum vöktu, eru einkum þessar:

- a. að fjölga dómurum æðsta dómsins,
- b. að búa betur um skipun dómara, með því að leggja hana undir æðsta trúnaðarmann ríkisins, forsætisráðherra, og ráðherrafund, í stað þess að einn maður hafi þar einræði,
- c. að veita einstökum dómurum aðhald með opinberri atkvæðagreiðslu.

Flutningsmaður hefir fengið þá tvo lögfræðinga landsins, sem nú munu njóta einna mests trausts alls landslýðs, til að undirbúa frv. þetta.

Hefir dr. juris Björn Þórðarson lögmaður endurskoðað alla núgildandi lög-gjöfina um hæstarétt og samið frv., þar sem sameinuð eru í einn bálk og endurskoðuð fleiri en ein lög, er nú gilda um æðsta dóminn, og jafnframt komið fram með ýms nýmæli merkileg, en síðan hefir prófessor juris Ólafur Lárússon farið yfir handrit dr. B. Þ. og gefið ýmsar góðar bendingar. Er því frv. eins og það nú liggur fyrir að mestu leyti sameiginlegt verk þessara manna. Telja þeir aðalákvæði frv. stórmikla réttarbót, ef að lögum verða.

Um höfuðbreyting þá, sem frv. gerir á núgildandi lögum, skal svo fyrst rætt.

Þegar um það er að ræða, hversu skuli með löggjöf afla æðsta dómnum meira trausts en nú hefir hann, virðist það blasa beint við að gera það með því að fjölga dómendum, því að betur sjá augu en auga, og í fjölskipaðra dómi fer síður hjá því, að einhver dómmandinn njóti hvers manns trausts, eða að minnsta kosti að hver maður í landinu treysti einhverjum dómara til fulls réttðæmis, einn þessum, annar hinum. Því verður varla neitað, að 5 manna dómur er sterkari en 3 manna gegn óbilgjörnum árásum, að öðru jöfnu, og vitanlega betur treystandi til að draga fram til athugunar hin mismunandi sjónarmið, sem hvert mál má skoða frá.

Í allri okkar baráttu fyrir að fá æðsta dóminn inn í landið hefir því jafnan verið haldið fram, að dómendur í æðsta dómi mættu ekki færri vera en fimm. Það virðist almenn skoðun allra þeirra, er rækilegast hafa hugsað og ritað um skiptin æðsta dómsins, að 3 manna úrslitadómur sé beinlínis of veikur til að njóta nægilegs álits og trausts til réttðæmis, ekki aðeins innanlands, heldur einnig og ekki sízt gagnvart útlöndum, viðskiptaþjóðunum.

Hið alls eina, sem unnt virðist að færa á móti því að fjölga dómurum, er vitanlega kostnaðaraukinn, er af því stafar. Eins og nú standa sakir um fjárhag ríkisins og þjóðarinnar, er kostnaðaraukinn mikilvæg ástæða, því að þess er ekki að dyljast, að flest verður að spara og forðast ný gjöld svo sem verða má.

Árlegi kostnaðaraukinn af dómaraþjófingunni er laun 2 dómara, sem eru eftir núgildandi lögum um 16000 kr. Þetta er að vísu nokkur fjárhæð eins og nú stendur, en þegar á það er að líta, að hér er verið að treysta þann hornstein, réttaröryggið, sem einna mest veltur á fyrir þjóðfélagið, þá virðist hún varla eiga að ráða úrslitum.

Jafnframt má benda á, að dómaraastörfin við æðsta dóm munu ekki vera það tímafrek, að ekki væri í alla staði réttmætt að gera dómurum að skyldu að

gegna eitthvað meiri störfum fyrir þjóðfélagið án sérstaks endurgjalds, en vitanlega verður vel að gæta þess, að slík aukastörf riði á engan hátt í bága við dómarastrarfið.

Tvennskonar störf virðast sérlega vel fallin sem aukastörf dómáranna. Ann að er kenntsla í lagadeild háskólans. Mætti háskólanum verða að því hinn mesti styrkur, ef yngri dómurunum væri gert að skyldu að flytja við og við fyrirlestra um lögfræðileg efni fyrir stúdentunum, eftir samráði við deildarforseta.

Þá virðist og vel til fallið að gera dómurunum að skyldu að veita ríkisstjórninni aðstoð við samningu lagafrv. og endurskoðum vissra lagabálka. Hefir slík lögfræðileg aðstoð, sem ríkisstjórnin hefir orðið að kaupa, tíðum numið nokkrum þúsundum, og kæmi þannig nokkuð upp á móti kostnaðinum, er af dómarafrjölguninni stafaði. Yrði hann þá ekki tilfinnanlegur, og sennilega enginn, borið saman við kostnaðinn, sem orðið hefði við fimmtardómsfrv. frá síðasta þingi, ef að lögum hefði orðið.

Um einstök atriði frumvarpsins skal nú farið nokkrum orðum, en að þeim einum vikið, sem afbrigðileg eru svo máli skiptir frá gildandi lögum um hæstarétt.

Fyrirsögn laganna er valin í samræmi við það, að dómstóllinn er úrslitadómstig. Hið núverandi heiti dómstólsins er að visu nothæft, en það er þó ekki annað en þýðing úr dönsku orði, sem málnæmir menn hafa ekki kunnað við, og í frumvarpinu er fylgt dæmi íslenzkusnillingsins Gísla latinuskólakennara Magnússonar, sem þótti það eitt rétt að nefna úrslitadómstigið æðsta dóm.

#### Um I. kafla.

1. gr. Nafnið fimmtardómur er haft til þess að leggja áherzlu á það, að úrslitadómstig vort skuli skipað 5 mönnum, vera fimmt manna, til þess að teljast nægilega öflugt.

2. gr. Ákvæðin í þessari grein um skipun dómara og lausn frá embætti, sbr. 57. gr. stjkskr., eru sett í samræmi við tillögur, sem bornar voru fram á Alþingi í fyrra. Enda mundi heppilegt að búa svo um fleiri mikilsvarðandi embætti.

4. gr. Nýmæli er í 2. tölul., þar sem fulltrúar þar greindra embættismanna eru taldir eftir 5 ár að hafa náð lögfræðiproska til að vera hæfir til að ganga undir dómaraun. Er það sannast að segja, að engir ungir lögfræðingar öðlast eins viðtæka og margháttaða æfingu í meðferð lögfræðilegra viðfangsefna sem þessir menn, annarsveggar í opinberum málum en hinsveggar í einkamálum. Eftir núgildandi lögum verða þeir að þjóna t. d. sýslumannsembætti í 3 ár til þess að mega þreyta dómaraun, en á hinum sömu árum mundi margt það fyrnast hjá þeim, sem nauðsynlegt er í dómarastrafi. Í annan stað eru stöður þeirra svo laklega launaðar í samanburði við fulltrúa hæstaréttarmálaflutningsmanna, að efnilegum mönnum þykja þær ekki eftirsóknarverðar. Fulltrúastörfunum geta þó aðeins gegnt, svo vel sé, færustu lögfræðingar, og fyrir ríkið ætti það að vera vinningur að laða góða menn, sem sætta sig við léleg laun, í þjónustu sína með því að geta gefið þeim von um réttmætt embættisgengi.

Ákvæði 3. töluliðs er samkvæmt því, sem samþykkt var á Alþingi í fyrra undir meðferð frv. um fimmtardóm.



12. gr. Þessi grein, sem svarar til 3. gr. laga um hæstarétt, er sett hér í lok þessa kafla, en annars mundi að meinfangalausú alveg mega nema úr lögum sérdómstól þennan.

#### Um II. kafla.

Hér er það lagt til að nema úr gildi þau lagaákvæði, að kennarar í lögum við háskólann séu sjálfkjörnir varadómendur. Á sínum tíma var þetta þarfleg skipun, en nauðsyn hennar virðist ekki vera fyrir hendi lengur, þar sem á svo mörgum öðrum færum mönnum er einnig kostur.

14. gr. Vera má, að nægilegt sé að hafa 3 fasta varadómendur, en þar sem sá möguleiki er fyrir hendi, að allir dómarnir verði að vikja dómarsæti, er það tryggilegast, að varadómendur séu 5, svo að ekki þurfi að setja aukadómara. Þá þykir það og rétt, að varadómara fullnægi skilyrðum til að mega ganga undir dómaraun.

15. gr. Þá mun það heppilegast, að það fari hvorki eftir blutkesti né geðþótta, hver varadómari skipar hið auða dómarsæti, og virðist þá réttast, að þeir séu kvaddir til eftir útnefningarröð, eins og fyrir er mælt um tilkvaðning sjódomsmanna. Rétt þykir þó að heimila undanþágu frá þessu ákvæði, ef æskilegt þykir að njóta sérþekkingar einhvers annars varadómara við dóm einstaks máls.

16. og 17. gr. þurfa ekki skýringa.

#### Um III. kafla.

Í þessum kafla eru engin atriði, sem nauðsyn er að skýra, en það skal tekið fram, að alstaðar þar, sem í lögnum er talað um mál eða málaflutningsmann án frekari auðkenningar, er átt við mann, sem fengið hefir lögboðið leyfi til málaflutnings fyrir æðsta dómi.

V. kafli er að efni til samhljóða gildandi lögum um hæstarétt, að öðru en því, að í 37. gr., sem svarar til 33. gr. hæstaréttarlaganna, er ekki tekin upp fyrri málsgrein greinarinnar, sem er leifar frá þeim tíma, er allt aðrar reglur giltu um ábyrgð dómara en nú, og á ákvæðið engan rétt á sér nú orðið, enda engin ástæða til að láta dómara sleppa við réttmætar ávitur, þó svo vilji til, að aðili vanræki að taka út áfrýjunarstefnu innan hins lögboðna áfrýjunarfrests.

VI. kafli svarar til 34.—43. gr. laga um hæstarétt og er að efni til samhljóða þeim.

#### Um VII. kafla.

Ákvæði þessa kafla eru frábrugðin gildandi lögum um hæstarétt um það, að hér er mælt svo fyrir, að atkvæðagreiðslur verði opinberar og í heyranda hljóði. Hefir þetta atriði verið þrautrétt á undanförunum árum, bæði á Alþingi og utan þess, og mun affarasælast að taka upp þá ráðabreytni, sem hér er ætlað til. Hafa Norðmenn gert þetta fyrir nokkrum árum, og þykir hafa gefið vel.

Þykir ekki þörf að gera ýtarlegri grein fyrir þessu.

Um VIII. kafla þykir ekki þörf neinna athugasemda.

Um IX. kafla.

Það þykir eðlilegast, að dómarrar hæstaréttar taki án nokkurra umsvifa sæti í æðsta dómi, þegar lög þessi öðlast gildi. Og eigi verður séð, að með öðrum hætti verði betur vandað val hinna nýju dómara en þeim, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Um X. kafla er ekki þörf að ræða.